

**Ed.**  
um vörugjald.

**229. Frumvarp til laga**

[176. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald. Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum af vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo sem kveðið er á um í eftirfarandi gjaldskrá:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 10% gjald:

Tollskrárn.	Vöruheiti
17.04.01	Lakkris, sykraður og lakkrísvörur
17.04.03	Brjóstsýkur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað
17.04.05	Karamellur
17.04.06	Vörur úr gúmmí arabikum
17.04.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 17.04., ót. a.
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt
18.06.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðis og ís húðaður með súkkulaði
úr 19.08.03	Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd
úr 19.08.04	
úr 19.08.09	
21.07.04	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

Tollskrárn.	Vöruheiti
úr 20.07	Efni tilreidd til framleiðslu á vörum sem falla undir nr. 22.02 samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins
úr 21.07	
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.02.01	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07
og 22.02.09	
22.03.01	Öl gert úr malti
og 22.03.09	

2. gr.

Vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum en á verksmiðjuverð innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Við skil í ríkissjóð á vörugjaldi samkvæmt lögum þessum af innlendra framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu vörugjaldi vegna sölu eða annarrar afhendingar það vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt samkvæmt lögum þessum við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum

fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

#### 4. gr.

Vörugjaldsskyldir vegna innlendar framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vörum sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum eru allir þeir aðilar sem hafa með höndum einhvern slíkan atvinnurekstur eða starfsemi.

Aðilar þeir sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu innan eins mánaðar frá því að lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir um rekstur sinn eða starfsemi. Aðilar sem hefja gjaldskyldan rekstur eða starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi skulu tilkynna það með sama hætti um leið og starfsemi hefst.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim, sbr. 6. gr., um álagningu, gjalddaga, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um flokkun hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

#### 5. gr.

Óheimilt er vegna álagningar vörugjalds samkvæmt lögum þessum að hækka verð vörubirgða sem vörugjald samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald hefur verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum nema þyngri refsingar eða viðurlög liggi við samkvæmt ákvæðum annarra laga.

#### 6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð eða öðrum fyrirmælum kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, sbr. 3. og 4. gr. Í reglugerð má m. a. ákveða að leggja megi á og innheimta í einu lagi vörugjald samkvæmt lögum þessum og sérstakt vörugjald samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöru gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 16. mars 1979 um vörugjald.

#### Ákvæði til bráðabirgða

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1981 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1981 skal hins vegar innheimta gjald skv. 1. gr. þessara laga af vörum sem ótollafgreiddar voru hinn 31. desember 1980.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal í stað vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald greiða vörugjald skv. 1. gr. laga þessara nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

Af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. eiga hinn 31. desember 1980 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald og kemur greiðsla gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra laga í stað greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum þessara laga þrátt fyrir að sala eða afhending fari fram eftir 1. janúar 1981, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollyfirvalds um stöðu birgða hinn 31. desember 1980. Skal gjaldi þessu skilað ásamt gjaldi vegna sölu eða afhendingar í desember eigi síðar en 1. febrúar 1981, ásamt skýrslu um vörusölu í desember 1980 svo og skýrslu um magn og verksmiðjuverð birgða í árslok.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðan mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

#### A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að vörugjaldi því sem nú er innheimt samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald verði breytt úr magngjaldi í verðgjald, þ. e. gjald sem miðist við verðmæti gjaldskyldrar vöru.

Vörugjald sem lagt er á sælgæti, gosdrykki og öl samkvæmt ofangreindum lögum á að stofni til rætur sínar að rekja til laga nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum. Gjald þetta var allt fram til ársins 1971 lagt á vörur þessar framleiddar hér á landi, enda var á þessum árum tæpast um innflutning þessara vara að ræða vegna innflutningshamla og hárra tolla. Á þessum þremur áratugum var gjald af innlendum tollvörutegundum síðan innheimt með misháum gjaldaviðauka eða álagi sem ákveðið var í sérstakri löggjöf ár hvert samhliða setningu fjárlaga, í þeim tilgangi að viðhalda raungildi þeirra tekna sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að gjaldstofninn gæfi af sér í ríkissjóð. Breytingar á peningagildi frá 1939 hafa smám saman rýrt tekjustofninn en meginástæða þess var útreikningsgrundvöllur gjaldsins sem e'ns og áður sagði var magn hinnar gjaldskyldu vöru (rúmmál eða þyngd).

Þegar Ísland gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) á árinu 1970 urðu verulegar breytingar að því er varðaði innflutning býðingarmiðilla vörutegunda, m. a. vörutegunda sem gjaldskyldar voru samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga nr. 60/1939. Samkvæmt ákvæðum samkomulags Íslands um aðild að EFTA skyldu innflutningshömlur m. a. á sælgæti afnumdar í áföngum á árunum 1972 til 1975 auk þess sem tollar á innfluttu sælgæti o. fl. skyldu afnumdir í áföngum á tímabilinu 1970 til 1980. Til þess að koma í veg fyrir mismunun milli hér um ræddra innfluttra og innlendra vara í gjaldalegu tilliti að loknu aðlögunartímabilinu, sem óhjákvæmilega hlaut að leiða af nefndu samkomulagi að óbreyttum lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, var gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939 fellt niður og jafnframt tekið í þess stað

upp vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1971. Var vörugjaldið lagt á nær sömu vörutegundir og gjald af innlendum tollvörutegundum en hins vegar án tillits til þess hvort innlendar eða innfluttar vörur ættu í hlut. Lög þessi hafa að mestu leyti haldist óbreytt frá því að þau voru sett á árinu 1971 með þeim undantekningum þó, að gjaldið var hækkað á árunum 1976 og 1977 á gosdrykkjum og öli til þess að mæta fjárförf Styrktarsjóðs vangefinna vegna aukinna verklegra framkvæmda á hans vegum, en á þessum tíma var gert ráð fyrir að ríkissjóður greiddi árlegt framlag til sjóðsins. Með lögum nr. 108/1978 um breyting á lögum nr. 97/1971 um vörugjald var mörkun hluta tekna af gjaldinu felld niður auk þess sem ýmsar aðrar breytingar voru gerðar á einstökum greinum laganna og gjaldið gert ótímabundið. Voru stofnlögin síðan gefin út með áorðnum breytingum og eru nú lög nr. 9/1979 um vörugjald.

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að vörugjald sem miðað er við magn vöru er mjög ótryggur tekjustofn fyrir ríkissjóð þegar til lengri tíma er litið, einkum við þær aðstæður sem hafa á undanfarandi árum ríkt hér á landi í verðlagsmálum. Óstöðugt gengi íslenskrar krónu hefur hin síðari ár skert verulega tekjur þær sem ríkissjóði voru upphaflega ætlaðar af tekjustofni þessum. Til þess að viðhalda rauntekjum af skattstofni samkvæmt vörugjaldslögum er ljóst að nauðsynlegt er að leiðrétta gjaldskrá laganna jafnóðum í samræmi við verðlagsþróun hverju sinni. Órar verðlagsbreytingar eins og verið hafa hér á landi á undanfarandi árum munu hins vegar óhjákvæmilega kalla á tíðar lagabreytingar sem tímabundinn ávinningur yrði að. Í þessu sambandi má benda á að vörugjald af sælgæti samkvæmt lögum nr. 97/1971 hefur haldist óbreytt allan síðasta áratug. Ef breytingar hefðu hins vegar verið gerðar á gjaldskránni í þeim tilgangi að láta vörugjaldið fylgja verðlagsþróun á sama tíma hefði vörugjald á sælgæti a. m. k. átt að rúmlega tuttugufaldast. Vörugjald á gosdrykkjum hefur á sama tíma aðeins u. þ. b. þrefaldast.

Telja verður eðlilegt með hliðsjón af framanrituðu að leitað verði nýrra leiða til að tryggja raungildi þeirra tekjustofna sem ríkissjóði eru ætlaðir. Sú leið sem lagt er til samkvæmt frumvarpi þessu að valin verði til þess að ná framangreindu markmiði er að álagningargrundvelli vörugjaldsins verði breytt þannig að verðmæti viðkomandi skattandlags verði notað til viðmiðunar í stað magns þess. Auk þess sem breyting þessi tryggir raungildi tekjustofnsins verður að ætla að innheimta vörugjaldsins verði skilvirkari og allt bókhaldslegt eftirlit mun tryggara.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að hinum vörugjaldsskyldu vörum sem þar eru nánar tilgreindar verði skipt í tvo vöruflokka með mismunandi háu vörugjaldi er reiknist sem hlutfallslegt gjald miðað við verðmæti hinnar gjaldskyldu vöru. Er gert ráð fyrir að 10% vörugjald verði lagt á sælgæti ýmiss konar en 30% vörugjald á gosdrykki og öl. Ástæður þess að lagt er til að gjaldið verði hærra á gosdrykkjum en sælgæti eru annars vegar að gjald á gosdrykkjum hefur verið hækkað á undanförunum árum en gjald á sælgæti staðið óbreytt, þannig að verðhlutföll þessara vöruflokka raskast síður sé þessi leið farin. Hins vegar ber á það að líta að á síðast liðnu sumri voru sett bráðabirgðalög um innheimtu sérstaks innflutningsgjalds af sælgæti og kexi. Hlutverk þeirra laga var að skapa tímabundið svigrúm fyrir innlenda framleiðendur til aðlögunar að erlendra samkeppni sem fylgt hefur í kjölfar samninga við EFTA og EBE. Hækkun vörugjaldsins á sælgæti með þeim hætti sem lagt er til með frumvarpi þessu ætti ekki að draga úr þeirri vernd fyrir innlenda sælgætisiðnað sem felst í nefndum bráðabirgðalögum né draga almennt úr eftirspurn eftir vörum þessum. Um flokkun til gjaldskyldu er gert ráð fyrir að farið verði eftir sömu reglum og gilda í dag samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Hinar gjaldskyldu vörur eru þær sömu og nú er að finna í 2. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald. Auk þeirra er talið nauðsynlegt að bæta við þá upptalningu nokkrum vörutegundum sem ekki eru gjaldskyldar sam-

kvæmt nágildandi vörugjaldslögum en telja verður eðlilegt að séu gjaldskyldar til að tryggja samræmda skattlagningu sams konar vara eða rétt þykir að kveða skýrar á um að gjaldskyldar skuli vera. Vörutegundir sem þannig er lagt til að bætt verði við upptalningu gjaldskyldra vara eru: 1) Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd og flokkast undir tollskrárnúmer 19.08.03—19.08.09; 2) sælgæti sem í er hvorki sykur né kakaó og flokkast undir tollskrárnúmer 21.07.04 og 3) efni sem tilreidd eru til framleiðslu á vörum eins og gosdrykkjum og flokkast undir nr. 20.07 og 21.07. Að því er síðast nefnd efni varðar skal tekið fram að mjög erfitt er vegna almenns orðalags einstakra tollskrárnúmera undir nr. 20.07 og 21.07 að tilgreina einstök tollskrárnúmer. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði til nánari skýrgreiningar á þeim tilreiddu efnum sem gjaldskyld skulu teljast og er þá gert ráð fyrir að fyrst og fremst verði um að ræða tilreidd efni (konsentrat) sem þurfa mjög óverulega viðbótarvinnslu til þess að úr verði fullbúin vara sem gjaldskyld yrði samkvæmt beinu orðalagi 1. gr. frumvarpsins.

Áætlað er að tekjur af hinu nýja vörugjaldi geti numið um 3,7 milljörðum króna á árinu 1981. Tekið skal fram að áætlanir um nýja tekjustofna eru jafnan sérstakri óvissu háðir auk þess sem óvíst er um eftirspurnarhrif af þeirri verðhækkun sem leiðir af hinni nýju gjaldtöku umfram hina fyrri. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í eftirspurn en að öðru leyti er stuðst við upplýsingar um framleiðsluverðmæti og innflutning þeirra vörutegunda sem hér um ræðir. Forsendur um verðbreytingar 1980—1981 eru hinar sömu og í fjárlagafrumvarpi 1981.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að hið eldra vörugjald skili 480 m.kr. í tekjur á árinu 1981 en þar af má áætla að 120 m.kr. séu vegna ársins 1980. Tekjur ríkissjóðs af hinu nýja vörugjaldi að frádregnum tekjum af hinu eldra yrðu samkvæmt ofangreindum áætlunum tæplega 3,4 milljarðar króna á árinu 1981.

Verði frumvarp þetta að lögum, má gera ráð fyrir að verðhækkun á sælgæti verði á bilinu 7—9% en 23—26% á gosdrykkjum og öli. Vörugjald á einstökum vörutegundum hækkar einnig mismikið. Má t. d. ætla að vörugjald á suðusúkkulaði hækki miðað við hvert kg úr 20,80 kr. í 350 kr. Á átsúkkulaði breyttist gjaldið hins vegar úr 45,60 kr. í 370 kr. og á brjóstsykri úr 45,60 kr. í 190 kr. Vörugjald á gosdrykkjum miðað við hvern lítra hækkar hins vegar úr 16 kr. í 92—120 kr. Á öli ýmiss konar hækkar gjaldið líklega úr 14—16 kr. í 130 kr.

#### Um 2. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er í fyrsta lagi lagt til að gjaldstofn fyrir vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum verði tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum eins og tollverð og aðflutningsgjöld eru ákveðin samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er hér um grundvallarbreytingu að ræða frá því sem nú gildir um álagningu vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 en samkvæmt þeim er gjaldstofninn magn vöru. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda um forsendur breytingar þessarar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er lagt til að gjaldstofn til útreiknings vörugjalds af innlendra framleiðslu verði verksmiðjuverð innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins felur í sér nánari skýrgreiningu á verksmiðjuverði innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi. Gert er ráð fyrir að meginregla laganna verði sú að með verksmiðjuverði nefndra vara sé átt við söluverð vöru frá framleiðanda. Regla þessi tekur fyrst og fremst til þeirra tilvika þegar framleiðandi vörugjaldsskyldrar vöru hefur sjálfur lagt til framleiðslunnar hráefni, efnivörur eða annað sem til hennar þarf. Til þess að tryggja samræmda skattlagningu vörugjaldsskyldrar innlendar framleiðslu, án tillits til þess hver leggur til einstaka efnis- eða framleiðsluþætti, er lagt til að kveðið verði svo á að heildarandvirði vöru skuli teljast verksmiðjuverð, ef söluverð frá verksmiðju svarar ekki til heild-

arandvirðis hinnar vörugjaldsskyldu vöru, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um ákvörðun gjaldstofns innlendar framleiðsluvöru með reglugerð.

Til þess að koma í veg fyrir uppsöfnun vörugjalds í kostnaði innlendar framleiðsluvöru og skertrar samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda vörugjaldsskyldra vara af þeim sökum er lagt til að vörugjaldsskyldum aðilum verði heimilað við skil á gjaldinu að draga frá það vörugjald sem framleiðandinn hefur sannanlega greitt við kaup á vörugjaldsskyldum hráefnum eða efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

#### Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum verði innheimt með aðflutningsgjöldum samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörugjaldið njóti sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er kveðið á um hverjir skuli teljast gjaldskyldir aðilar vegna innlendar framleiðslu á vörum sem gert er ráð fyrir að leggja vörugjaldið á. Einnig er þar lögð sú skylda á framleiðendur þessa eða þá sem hefja framleiðslu eftir gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt, að þeir tilkynni viðkomandi skattstjórum um starfsemi sína. Í 1. gr. núgildandi laga um vörugjald er framleiðsla hér á landi á gjaldskyldum vörum óheimil nema að fengnu leyfisbréfi hjá tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram og kemur slíkt leyfi í stað iðnaðarleyfis þess sem venjulega er gefið út til reksturs iðnfyrirtækis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978. Gert er ráð fyrir samkvæmt þessari grein frumvarpsins að í stað útgáfu leyfisbréfs tollstjóra komi framangreind tilkynningarskylda til viðkomandi skattstjóra og þeir sem óski heimildar til framleiðslu vörugjaldsskyldra vara verði að sækja um iðnaðarleyfi samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra iðnaðarlaga. Samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er þó gert ráð fyrir að framleiðendur vörugjaldsskyldra vara megi stunda framleiðslu samkvæmt leyfum er gild voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 miðað við gildistíma þeirra talið frá útgáfudegi.

Um innheimtu og lögvernd vörugjalds af innlendra framleiðslu er að öðru leyti gert ráð fyrir að gildi ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum með þeirri undantekningu þó, að ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. verði látin gilda um úrlausn ágreiningsmála sem rísa kunna um flokkun vara til gjaldskyldu. Slíkt fyrirkomulag ætti að tryggja meira öryggi varðandi samræmda innheimtu gjaldsins án tillits til hvort um innfluttar gjaldskyldar vörur eða vörur framleiddar innanlands sé að ræða.

#### Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

#### Um 6. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir að sömu vörur verði gjaldskyldar samkvæmt frumvarpi þessu og nú eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta þessi gjöld í einu lagi. Má ljóst vera að skýrslugjöf vegna þessara gjalda verður einfaldari fyrir innflytjendur og innlenda framleiðendur gjaldskyldra vara, auk þess sem endurskoðun og eftirlit af hálfu yfirvalda verður mun fljótvirkara.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

#### Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Til þess að tryggja eftir föngum samræmda gjaldtöku bæði af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara og birgða slíkra vara sem framleiddar eru hér á landi er gert ráð fyrir að hið nýja gjald verði frá og með 1. janúar 1981 lagt á allar innfluttar birgðir gjaldskyldra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku laganna svo og birgðir innlendra framleiðslu sem til verða frá og með sama tíma. Af birgðum innlendra framleiðsluvara sem til urðu fyrir gildistöku er gert ráð fyrir í sama tilgangi að greitt verði vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979. Ekki er gert ráð fyrir að upptaka hins nýja vörugjalds hafi nein áhrif í gjaldalegu tilliti á innfluttar vörur sem þegar hafa hlotið fullnaðartollafgreiðslu. Um framkvæmd innheimtu vörugjaldsins af birgðum er gert ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði í reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða skýra sig að öðru leyti sjálf.